



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn 31. júlí 2008

Ákvörðun nr. 44/2008

Ákvörðun um dagsektir vegna vanrækslu Miðbæjarhótelshéttis ehf. á afhendingu gagna og upplýsinga

1.

Málavextir

1.

Þann 2. mars 2007 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit hjá Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF) að Borgartúni 35, Reykjavík. Laut rannsókn málsins að meintum brotum SAF á 10., sbr. 12. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 á ýmsum undirmörkuðum ferðaþjónustumarkaðar.

Í framhaldi af vinnslu þeirra upplýsinga sem aflað var með fyrrgreindri húsleit hefur Samkeppniseftirlitið aflað frekari gagna frá fjölmörgum aðilum á ferðaþjónustumörkuðum, þ.á m. á hótél- og gistihúsamarkaði. Á meðal þeirra aðila sem aflað var gagna hjá voru tiltekin hótél, þ. á m. Miðbæjarhótél ehf., sbr. bréf þann 11. apríl sl. þar sem óskað var eftir tilteknum gögnum og upplýsingum. Var þess óskað að umbeðin gögn og upplýsingar bærust eigi síðar en þremur vikum frá dagsetningu bréfsins. Ekki barst svar frá hótelinu við bréfi Samkeppniseftirlitsins. Var gagnabeiðni eftirlitsins því ítrekuð með bréfi dags. 15. maí sl. og þess óskað að gögnin bærust eigi síðar en 23. maí 2008. Engin gögn bárust frá Miðbæjarhótelum. Í framhaldinu sendi Samkeppniseftirlitið því aftur bréf til hótelsins, dags. 19. júní sl., og athygli vakin á því að samkvæmt 2. gr. laga nr. 52/2007, sem varð að 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og tók gildi 27. mars 2007, leggur Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn „skyldu til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr. samkeppnislaga.“ Var þess óskað að gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins yrði svarað eigi síðar en 27. júní 2008. Þar sem Miðbæjarhótél sinntu í engu bréfi Samkeppniseftirlitsins ítrekaði eftirlitið beiðni sína enn og aftur með bréfi dags. 15. júlí sl., þar sem enn fremur var tekið fram að ef gögnin bærust eigi síðar en þriðjudaginn 22. júlí 2008 myndi Samkeppniseftirlitið taka ákvörðun um beitingu dagsekta á grundvelli 38. gr. samkeppnislaga. Engin svör bárust frá Miðbæjarhótelum.

2.

Samkvæmt 38. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið, ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt samkeppnislögum, lagt á dagsektir þar til farið verður að ákvörðuninni. Álagning dagsekta er þvingunaraðgerð til



Þess að knýja fram efndir. Greiða skal tiltekna fjárhæð fyrir hvern dag sem líður án þess að tiltekinni skuldbindingu sé fullnægt. Samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið krafist einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja sem samkeppnislög taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála svo og afhendingu gagna til athugunar. Með 19. gr. samkeppnislaga hefur löggjafinn veitt Samkeppniseftirlitinu ríkar heimildir til öflunar gagna, enda reynir mjög á upplýsingagjöf við framkvæmd samkeppnislaga.

3.

Eins og rakið er hér að ofan hefur Samkeppniseftirlitið ítrekað vakið athygli á lögboðinni tilkynningarskyldu Miðbæjarhótela á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga vegna rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á meintu samráði hótela í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga.

Í ljósi framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að Miðbæjarhótel hafi með ítrekuðu athafnaleysi sínu vanrækt ótvíræða lagaskyldu um afhendingu gagna og upplýsinga á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga eins og rakið hefur verið hér að ofan. Telur Samkeppniseftirlitið því óhjákvæmilegt að beita heimild 38. gr. samkeppnislaga og taka ákvörðun um álagningu dagsekta vegna nefndrar vanrækslu Miðbæjarhótela. Samkeppniseftirlitið mun síðar taka afstöðu til þess hvort rétt sé einnig að beita heimildum 37. gr. samkeppnislaga vegna brota Miðbæjarhótela á 19. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Miðbæjarhótel ehf. hefur ekki farið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins skv. 19. gr. samkeppnislaga, um að veita þau gögn og upplýsingar sem nauðsynleg eru við rannsókn á meintum brotum hótela á ákvæði 10. gr. samkeppnislaga.

Af þessum orsökum og með heimild í 38. gr. samkeppnislaga leggur Samkeppniseftirlitið dagsektir á Miðbæjarhótel ehf. Skal Miðbæjarhótel ehf. greiða 150.000 kr. á dag þar til gagna- og upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins hefur verið svarað með fullnægjandi hætti.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson